

Ályktun um húsnæðismál

“Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi”

4. þing Starfsgreinasambands Íslands, haldið í Hofi á Akureyri dagana 16. - 18. október 2013, lýsir yfir þungum áhyggjum af slæmu ástandi húsnæðismála á Íslandi. Sífelld verður erfiðara fyrir fólk að kaupa eða leigja húsnæði og eiga fjölmargir erfitt með að standa undir hækkandi afborgunum lána eða húsaleigu. Stjórnvöld verða að koma til móts við kaupendur meðal annars í formi skattaívilnunar sem tryggir hraðari eignamyndun og huga að þeim sem misst hafa sína fasteign vegna þess að forsendur brugðust við hrun bankanna. Jafnframt leggur þingið áherslu á að húsaleigubætur verði hækkaðar og skerðingarmörkin endurskoðuð.

Þing Starfsgreinasambandsins hvetur stjórnvöld í samstarf við banka og aðrar lánastofnanir til að veita ungu fólk sérstakan stuðning til dæmis í formi sparnaðarreiknings sem myndi njóta góðra vaxtakjara og hagstæðrar skattalegrar meðferðar við fyrstu kaup á fasteign. Ungu fólk verður einfaldlega að fá tækifæri til að stíga sín fyrstu skref inn á fasteignamarkaðinn.

Þing Starfsgreinasambandsins leggur áherslu á að hér verði byggt upp húsnæðiskerfi á félagslegum grunni til að tryggja öllum viðunandi húsnæði og bendir í því sambandi á tillögur ASÍ í húsnæðismálum.

Þing Starfsgreinasambandsins krefst þess að ríkisstjórnin ásamt sveitarstjórnnum hefji tafarlaust samstarf með aðilum vinnumarkaðarins til að leysa þann húsnæðisvanda sem þjóðin glímir við í dag.